

REGLUGERÐ

um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi.

1. gr.

Með lögmanni er í reglugerð þessari átt við þann sem er ríkisborgari í öðru EES-ríki og rétt hefur til að starfa undir einhverju eftirtalinna starfsheita:

í Austurríki	Rechtsanwalt
í Belgíu	Avocat/Advocaat/Rechtsanwalt
í Danmörku	Advokat
í Eistlandi	Vandeadvokaat
í Finnlandi	Asianajaja/Advocat
í Frakklandi	Avocat
í Grikklandi	Dikhgoroq (Dikigoros)
í Hollandi	Advocaat
á Írlandi	Barrister/Solicitor
á Ítalíu	Avvocato
á Kýpur	Δικηγόρος
í Lettlandi	Zverinats advokats
í Liechtenstein	Rechtsanwalt
í Litháen	Advokatas
í Luxembourg	Avocat
á Möltu	Avukat/Prokuratur Legali
í Noregi	Advokat
í Portúgal	Advogado
í Póllandi	Adwokat/Radca prawny
í Slóveníu	Odvetnik/Odvetnica
í Slóvakíu	Advokát/Komerčný právnik
á Spáni	Abogado/Advocat/Avogado/Abokatu
í Stóra-Bretlandi	Advocate/Barrister/Solicitor
í Sviss	Avocat/Advokat, Rechtsanwalt, Anwalt, Fürsprecher, Fürsprech/Avvocato
í Svíþjóð	Advokat
í Tékklandi	Adokát
í Ungverjalandi	Ügyvéd
í Þýskalandi	Rechtsanwalt

Með heimalandi er í reglugerð þessari átt við það EES-ríki þar sem lögmaðurinn hefur rétt til að starfa sem sérfræðingur undir einhverju þeirra starfsheita sem talin eru upp í 1. mgr.

2. gr.

Lögmaður sem hyggst starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari skal tilkynna það dómsmálaráðuneytinu.

Tilkynningunni skulu fylgja gögn er sanna að hann hafi í heimalandi sínu rétt til að starfa undir einhverju af þeim starfsheitum sem greinir í 1. mgr. 1. gr. Einnig skal lögmaður sýna fram á að hann hafi í gildi starfsábyrgðartryggingu, annaðhvort tryggingu hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi í heima-

landi sínu sem veitir a.m.k. samsvarandi tryggingarvernd og sú ábyrgðartrygging sem íslensk-um lögmönnum ber að hafa skv. reglugerð um starfsábyrgðartryggingar lögmanna. Lögmanni er ekki heimilt að veita þjónustu hér á landi fyrr en hann hefur lagt fram tilskilin gögn.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir Lögmannafélagi Íslands um þær tilkynningar sem berast skv. 1. mgr.

3. gr.

Lögmaður skal við störf sín hér á landi tilgreina á greinilegan hátt starfsheiti sitt í heimalandi sínu á opinberu tungumáli heimalandsins. Hann skal einnig tilgreina í hvaða fagfélagi hann er félagi í heimalandi sínu eða þann dómstól sem hann hefur rétt til að mæta fyrir samkvæmt lögum heimalands síns.

4. gr.

Lögmaður sem veitir þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari getur gætt hagsmuna málsaðila fyrir dómstóli hér á landi sem svarar til dómstóls þess sem hann hefur réttindi fyrir í heimalandi sínu enda starfi hann í þinghöldum með lögmanni sem hefur öðlast lögmansréttindi hér á landi og er þá ábyrgur gagnvart dómstólnum.

5. gr.

Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með þeim lögmönnum sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ber þeim að starfa í samræmi við siðareglur íslenskra lögmanna og lög um lögmenn að undanskildum skilyrðum um starfsstöð og aðild að Lögmannafélagi Íslands.

Um niðurfellingu heimildar EES-lögmans til að veita þjónustu hér á landi gilda ákvæði 13.-17. gr. laga um lögmenn eftir því sem við á.

6. gr.

Úrskurðarnefnd lögmanna leysir úr ágreiningsmálum er varða störf lögmanna sem veita þjónustu hér á landi samkvæmt reglugerð þessari.

Lögmannafélag Íslands skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu um ákvarðanir úrskurðarnefndar félagsins í kjölfar kvartana um störf lögmanna sem starfa hér á landi samkvæmt reglugerð þessari. Ráðuneytið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimalandi lögmansins um slíkar ákvarðanir úrskurðarnefndarinnar.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 93/2004, til innleiðingar á tilskipun nr. 77/249/EB, sem vísað er til í 2. tl. VII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 625/1995 um rétt lögmanna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu á Íslandi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júní 2005.

Björn Bjarnason.

Bryndís Helgadóttir.